

Varðandi:

Frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda

**149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal 136 — 136. mál.**

Reykjavík, 19. febrúar 2019.

Ágætu nefndarmenn efnahags- og viðskiptanefndar.

Knattspyrnusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.

Umrætt frumvarp er mjög mikilvægt skref í uppbyggingu íþróttamannvirkja í landinu. Frekari uppbygging aðstöðu til íþróttaiðkunar er ein grunnforsenda þess að viðhalda starfsemi, efla hana og fjölga iðkendum. Fyrir knattspyrnuhreyfinguna er mikilvægt að fjölga iðkendum víðs vegar um landið og með aðkomu ríkisins í formi endurgreiðslu hluta byggingakostnaðar er verið að stuðla að öflugri og öruggri uppbyggingu aðstöðunnar.

Þrátt fyrir myndarlega uppbyggingu mannvirkja og valla á síðustu árum blasa við stór verkefni, sem knattspyrnufélögin vítt og breitt um landið vilja ráðast í. Hjá ýmsum félögum á landsbyggðinni er einnig mikil metnaður til þess að bæta aðstöðu til knattspyrnuíðkunar. Þar er aðstaða til knattspyrnuíðkunar víðast hvar grunnurinn að áframhaldandi starfsemi viðkomandi félaga. Það sama á einnig við um félög á suð-vesturhorni landsins, þar sem aukinn iðkendafjöldi kallar á aukna og enn betri aðstöðu.

Öflugur stuðningur við uppbyggingu knattspyrnumannvirkja er ómetanlegur og sagan sýnir að með betri mannvirkjum og aukinni fræðslu þjálfara næst mikill árangur á skömmum tíma. Reynslan sýnir einnig að árangurinn er jafn mikilvægur í smærri jafnt sem stærri samfélögum. Það er því öflug byggðastefna að bæta aðstöðu íþróttahreyfingarinnar alls staðar á landinu.

Mikilvægi íþróttafélaga í forvarnarstarfi, sem og gagnvart almennri heilsuefningu, er ótvírætt. Þar er víðast hvar um að ræða öfluga starfsemi sem er borin uppi af sjálfbærliðum. Þessi starfsemi er gríðarlega mikilvæg lýðheilsu í okkar samfélagi.

Lýðheilsa miðar að því að viðhalda og bæta heilbrigði fólks, þar sem grunnurinn er heilsuvernd og forvarnir. Góð heilsa felst í líkamlegu og andlegu jafnvægi og að hver og einn beri ábyrgð á eigin heilsu og líðan. Uppbygging mannvirkja til betri aðstöðu til iðkunar er einn veigamikill þáttur hins opinbera og íþróttahreyfingarinnar sem miðar að því að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður einstaklinga og þjóðarinnar í heild sinni. Mikilvægt er að skapa aðstæður í samfélaginu til að stunda heilbrigða lífshætti og efla vitund og vitneskju fólks um mikilvægi þess. Gott dæmi um einn þátt eflingar lýðheilsu eru yfirbyggð knattús sem m.a. skapa aðstöðu fyrir eldra fólk til hreyfingar, þar sem hópar þeirra koma saman til að stunda hreyfingu og njóta félagskapar hvers annars. Það er því mikilvægt að styðja starfsemi íþróttafélaga með öllum ráðum svo að þessir þættir haldi áfram að vaxa og dafna, íslensku samfélagi til heilla.

Með samþykki umrædds frumvarps verður að veruleika mikið hagsmunamál íþróttahreyfingarinnar, þar á meðal fyrir knattspyrnufélögin í landinu. Með samvinnu sveitarfélaganna, KSÍ og aðildarfélaganna á síðustu árum hefur margt áunnist – og áfram verður mikilvægt að koma til móts við íþróttahreyfinguna, sem borin er uppi af sjálfboðaliðum. Það er fyrst og fremst grasrótin í hreyfingunni sem mun njóta ávaxta þeirrar uppbyggingar sem verður að veruleika með gildistöku umrædds frumvarps.

Aðildarfélög KSÍ samþykktu á nýliðnu ársþingi sínu, þann 9. febrúar sl., svohljóðandi ályktun:

“Tillaga til ályktunar - Endurgreiðsla á hluta kostnaðar vegna íþróttamannvirkja - Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2019 samþykki að stjórn og aðildarfélög KSÍ þrýsti á að frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda, lagt fram af Jóni Gunnarssyni, Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, Ásmundi Friðrikssyni, Njáli Trausta Friðbertssyni, Óla Birni Kárasyni, Páli Magnússyni, Vilhjálmi Árnasyni, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Guðjóni S. Brjánssyni, Guðmundi Andra Thorssyni, Ólafi Ísleifssyni, Ólafi Þór Gunnarssyni og Willum Þór Þórssyni, nái fram að ganga. Frumvarpið gerir ráð fyrir að endurgreiða skuli félagasamtökum til almannaheilla hluta fjárhæðar sem þau hafa greitt vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda sem miða að því að efla starfsemi eða bæta aðstöðu samtakanna. Það er álit stjórnar KSÍ að það sé knattspyrnuhreyfingunni mikið hagsmunamál að frumvarpið verði að veruleika.”

Knattspyrnusamband Íslands skorar á efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að veita frumvarpinu brautargengi á Alþingi, íþróttahreyfingunni í landinu til heilla.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða ef frekari upplýsinga er þörf.


Með kveðju,

f.h. KSÍ,



Guðni Bergsson,

formaður



Klara Bjartmarz,

framkvæmdastjóri